



HÖRGÁRSVEIT

Saga - Samstarf - Fjölbreytileiki

Menningarstefna 2014-2018



Apríl 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Leiðarljós	3
Stefna.....	4
Menningarsaga	4
Ritlist.....	5
Sjónlistir	6
Sviðslistir.....	6
Tónlist	7
Stjórnsýsla menningarmála	8
Fylgiskjöl	9
Félagasamtök í Hörgársveit	9
Menningarstofnanir í Hörgársveit	9
Menningarhús í Hörgársveit.....	9
Áhugaverðir staðir sem tengjast sögu Hörgársveitar	9
Vinnustofur listamanna í Hörgársveit.....	9

Inngangur

Síðla árs 2012 hóf menningar- og tómstundanefnd Hörgársveitar undirbúning að gerð menningarstefnu fyrir sveitarfélagið. Haldnir voru tveir íbúafundir, annar í lok árs 2012 og sá seinni í upphafi árs 2013. Einnig voru haldnir fundir með félagasamtökum í sveitarfélaginu.

Í fundargerð 4. júní 2013 bókaði nefndin samþykkt um að hafinn yrði undirbúningur að mótun menningarstefnu fyrir sveitarfélagið. Þessi bókun var áréttuð á fundi nefndarinnar 29. október 2013 og þar var óskað eftir samvinnu við menningarfulltrúa Eypings við gerð stefnunnar. Í kjölfarið hófst svo vinna við gerð menningarstefnunnar í afar góðri samvinnu við menningarfulltrúa Eypings, Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur.

Lokadrög að tillögu að menningarstefnunni voru rædd á fundi menningar- og tómstundanefndar 9. apríl 2014 og þau afgreidd þá til sveitarstjórnar sem tillaga nefndarinnar að stefnunni. Sveitarstjórnin tók tillöguna fyrir á fundi sínum 16. apríl 2014 og samþykkti hana óbreytta. Þar með öðlaðist hún fullt gildi.

Menningarstefnu Hörgársveitar er ætlað að endurspegla þann fjölbreytileika og kraft sem einkennir menningarlíf í sveitarfélaginu og stuðla að enn frekari eflingu þess. Stefnunni er einnig ætlað að vera stuðningur við ákvarðanatöku sveitarstjórnar í málaflokknum.

Hörgársveit, 25. apríl 2014

Í menningar- og tómstundanefnd,

Árni Arnsteinsson, formaður

Bernharð Arnarson

Gústav Geir Bollason

Halldóra Vébjörnsdóttir

Hanna Rósa Sveinsdóttir

Leiðarljós

Menningar- og tómstundanefnd Hörgársveitar vill stuðla að öfluggu og frjóu menningar- og listalífi í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, félagasamtök og opinbera aðila. Með það að markmiði setur nefndin fram stefnu í menningarmálum fyrir sveitarfélagið.

Menningar- og tómstundanefnd telur að fjölbreytt menningarlíf er þáttur í almennri velsæld samfélagsins og þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða. Menningarlífið er einnig lykilþáttur í uppbyggingu ferðapjónustu.

Leiðarljós menningarstefnu Hörgársveitar fyrir tímabilið 2014-2018 eru:

Saga – Samstarf – Fjölbreytileiki

Nánari skýring á þessum hugtökum eru eftirfarandi:

Saga

Í Hörgársveit er saga við hvert fótímál. Hörgársveit vill leitast við að varðveita og miðla sögu svæðisins á fjölbreyttan hátt þar sem sköpunarafl íbúa fær að njóta sín. Hvatt er til samtals allra listgreina við miðlun og varðveislu sögunnar.

Samstarf

Samstarf miðar að því að tengja saman fólk og hugmyndir. Samstarf getur verið innan sveitarfélagsins eða óháð staðsetningu, milli listgreina, ólíkra aldurshópa og einstaklinga. Sérstök áhersla er á samstarf menningarfélaga sveitarfélagsins og listafólks sem búsett er í sveitarfélaginu með áherslu á sérstöðu sveitarfélagsins.

Fjölbreytileiki

Í Hörgársveit er mannlíf gott, mikill fjölbreytileiki og gróska einkennir menningarlíf sveitarfélagsins. Fjölbreytt menningarlíf sem unnið er að frumkvæði íbúa eykur lífsgæði, er aðráttarafl fyrir gesti og styður við búsetu. Hvatt er til fjölbreytts lista- og menningarlífs sem byggir á þátttöku íbúa á öllum aldri þar sem hugmyndaauðgi og sköpun fær að njóta sín.



Stefna

Menningar- og tólmstundaneftnd setur fram stefnu í eftirtöldum flokkum, menningarsögu, ritlist, sjónlist, sviðslist, tónlist og stjórnsýslu menningarmála.

Meginmarkmið stefnunnar er að efla áhuga, þátttöku, aðgengi og möguleika íbúa á öllum aldri og gesta að njóta og taka þátt í fjölbreyttu menningarlífi í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að efla vitund og þekkingu íbúa og gesta á sögu Hörgársveitar fyrr og nú sem og sögufrægum stöðum. Hvatt er til samvinnu menningarfélaga og ólíkra listgreina við að miðla menningu og menningarsögu sveitarfélagsins á fjölbreyttan hátt. Einnig er hvatt til virkrar þátttöku barna- og ungs fólks í menningarstarfi með það að markmiði að fari fram framsækið og metnaðarfull menningarstarf í þágu barna og ungmenna.

Menningarsaga

Óviða er að finna sveitarfélög sem eru eins rík af menningarsögu og Hörgársveit. Þekktir sögustaðir eru í sveitarfélaginu s.s. Möðruvellir, Hraun, Gásir, Skipalón, Myrká, Hjalteyri og fleiri. Sjálfsmynd og ímynd staða byggja á m.a. sögu þess, því er mikilvægt að varðveita og miðla menningarsögu sveitarfélagsins til íbúa og gesta.

Markmið

Rækta og miðla menningarsögu sveitarfélagsins

Standa vörð um merka menningar- og sögustaði í sveitarfélaginu

Varðveita sögulegar minjar í sveitarfélaginu

Mögulegar leiðir

- Merkja sögustaði í sveitarfélaginu
- Styðja við Sögufélag Hörgdæla og útgáfu Heimaslóðar
- Hörgársveit eigi aðild að Minjasafninu á Akureyri
- Hvetja íbúa og félagasamtök í sveitarfélaginu að rækta fjölbreytta menningarsögu sveitarfélagsins t.d. með viðburðum og fræðslu
- Hörgársveit geri samstarfssamning við Gásakaupstað ses.
- Hörgársveit styðji við Amtmannssetrið á Möðruvöllum ses. með menningarsamningi

Ritlist

Ritlistin á sér merka sögu í Hörgársveit. Þjóðskáld og þekktir rithöfundar eru úr sveitarfélaginu. Sveitarfélagið á meirihluta í Menningarfélaginu Hrauni í Öxnadal ehf. sem á og rekur Jónasarsetur, því er ætlað að gefa rithöfundum og fræðimönnum tækifæri til að sinna ritlist í sveitarfélaginu. Á vef Hörgársveitar er að finna vísnaðsáfn þar sem eru birtar lausavísur ortar af íbúum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að vekja athygli íbúa og gesta ritlist í fortíð og nútíð og gera hana sýnilega og hvetja íbúa til þátttöku til framtíðar.

Markmið

Að ritlist fyrr og nú verði hluti af menningarlífi Hörgársveitar

Ýta undir og efla skapandi skrif í sveitarfélaginu

Halda á lofti minningu þjóðskáldanna Jónasar Hallgrímssonar og Davíðs Stefánssonar og annarra þekktara skálda s.s. Ólafar á Hlöðum, Hannesar Hafsteins, Jóns Þorlákssonar, Skáld-Rósu og fleiri

Örva og hvetja til meiri sýnileika þeirra sem iðka ritstörf í sveitarfélaginu

Auka þekkingu og þátttöku barna og ungs fólks á ritlist

Mögulegar leiðir

- Koma á námskeiði í skapandi skrifum fyrir íbúa sveitarfélagsins
- Koma á samkeppni á sviði skapandi skrifa sem verður tengd degi íslenskrar tungu
- Hvetja til kynningar á verkefnum rithöfunda og skálda sem eiga rætur sínar í samfélaginu eða búa þar í dag
- Hvetja íbúa og félagasamtök og skóla í sveitarfélaginu að halda minningu þjóðskáldanna og annarra rithöfunda úr sveitarfélaginu á lofti t.d. með viðburðum og fræðslu
- Hörgársveit geri menningarsamning við Menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf.

Sjónlistir

Á síðustu árum hefur vægi sjónlistar aukist m.a. með tilkomu Verksmiðjunnar á Hjalteyri sem m.a. fékk til nefningu til Eyrarrósarinnar 2014 og myndlistarmanna sem búsettir eru í sveitarfélaginu. Hefur starf þessara aðila aukið á fjölbreytni lista- og menningarlífi í sveitarfélaginu.

Markmið

Tryggð verði aðstaða til sýningarhalds í sveitarfélaginu

Börnum og ungu fólki verði gefið tækifæri til að kynnst sjónlistum með virkri þátttöku

Mögulegar leiðir

- Gera menningarsamning við Verksmiðjuna á Hjalteyri
- Hvetja til samvinnu listamanna sem búsettir eru í Hörgársveit við að miðla þekkingu á virkan þátt til barna og ungs fólks í sveitarfélaginu



Sviðslistir

Í Hörgársveit er öflugt leiklistarlíf. Leikfélag Hörgdæla er eitt af öflugustu áhugaleikfélögum landsins og stendur reglulega fyrir metnaðarfullum leiksýningum. Leikfélagið sýnir að Melum í Hörgárdal. Nokkur leiklistarstarfsemi fer fram í Þelamerkurskóla þá sér í lagi í tengslum við árhátíð skólans. Á Hjalteyri fer fram fjölbreytt menningarstarf, m.a. hafa sviðslistir fengið þar inni.

Markmið

Hlúð verði að starfssemi Leikfélags Hörgdæla

Hvatt verði til þátttöku barna og ungmenna í leiklistarstarfi

Mögulegar leiðir

- Leikfélagi Hörgdæla verði tryggð aðstaða til framtíðar á Melum
- Gera menningarsamning við Leikfélag Hörgdæla
- Leitað verði leiða að gera börnum og ungmennum kleift að taka þátt í leiklistarverkefnum í heimabyggð s.s. Þjóðleik



Tónlist

Hörgársveit hefur verið þekkt fyrir öflugt tónlistarlíf. Fjölmargir nemendur stunda tónlistarnám og öflugir kórar eru í sveitarfélaginu. Tónlistarhefð er sterk í skólunum sveitarfélagsins. Aðstaða til tónleikahalds er með ágætum bæði í hefðbundnum rýmum sem og óhefðbundnum t.d. í Verksmiðjunni á Hjalteyri.

Markmið

Að viðhalda því öflugra tónlistarstarfi sem er til staðar í sveitarfélaginu

Leitað verði leiða til að nýta sögu og menningu Hörgársveitar í tónlistarstarfi

Að börnum og ungmennum verði gert fært að stunda fjölbreytt tónlistarnám

Mögulegar leiðir

- Hörgársveit verði áfram aðili að Tónlistarskóla Eyjafjarðar
- Hvetja til samvinnu menningarfélaga við tónlistarfólk og tónlistarhópa í sveitarfélaginu sem og brottflutta listamenn (m.a. með stuðningi við fjölbreytt verkefni á sviði tónlistar)
- Hörgársveit styðji við tónlistarhópa í sveitarfélaginu



Stjórnsýsla menningarmála

Í ljósi umfangsmikils og fjölbreytts menningarstarfs í sveitarfélaginu telur menningar- og tómstundarnefnd rétt að efla stjórnsýslu menningarmála í sveitarfélaginu með það að markmiði að efla menningarstarf í sveitarfélaginu og styrkja ímynd þess og sjálfsmynd sem menningar- og söguríks sveitarfélags. Mörg stór menningarverkefni eru í sveitarfélaginu sem þarf að halda vel um til að þau nái að vaxa og dafna. Því telur nefndin mikilvægt að koma á menningarmiðstöð sem gæti m.a. haldið um þessi verkefni. Mikilvægt er að miðstöðin verði nokkurskonar menningarleg miðja í sveitarfélaginu sem m.a. kynnir menningarverkefnin og vísar gestum leiðar sinnar um sveitarfélagið.

Markmið

Virk stjórnsýsla á sviði menningarmála verði í sveitarfélaginu

Menningarmiðstöð verði komið á fót að Möðruvöllum

Mögulegar leiðir

- Í allri áætlanagerð sveitarfélagsins, þ.a.m. fjárhagsáætlunargerð, verði tekið mið af menningarstefnu sveitarfélagsins
- Hörgársveit verði aðili að menningarsamningi Eyþings
- Hörgársveit skilgreini ábyrgðaraðila á málaflokknum meðal starfsmanna. Ábyrgðaraðili verði tengiliður við menningarstofnanir á svæðinu og taki þátt í tengslaneti menningarfulltrúa sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings og öðrum samstarfsverkefnum sem til eru fallin að styrkja og efla menningarstarf í sveitarfélaginu
- Stofna menningarsjóð með reglum og áherslum í samræmi við stefnu þessa og að faglega verði staðið að úthlutunum úr sjóðnum
- Á heimasíðu sveitarfélagsins verði gerðar aðgengilegar upplýsingar um menningarstarf og menningarsögu sveitarfélagsins
- Hörgársveit leiti eftir fjármagni til að undirbúa stofnun menningarmiðstöðvar í sveitarfélaginu



Fylgiskjöl

Félagasamtök í Hörgársveit

- Veiðifélag Hörgár
- Verksmiðjan Hjalteyri
- Kirkjukór Möðruvallaklaustursprestakalls
- Fjarræktarfélagið Neisti
- Sauðfjarræktarfélag Skriðuhrepps
- Búnaðarfélagið Trölli
- Ferðafélagið Hörgur
- UMF Smárinn
- Leikfélag Hörgdæla
- Smalahundafélag Hörgársveitar
- Hrossaræktarfélagið Framfari
- Kvenfélag Hörgdæla
- Sögufélag Hörgársveitar

Menningarstofnanir í Hörgársveit

- Hraun í Öxnadal ehf.
- Amtmannssetrið á Möðruvöllum ses.
- Verksmiðjan á Hjalteyri
- Gásakaupstaður ses.

Menningarhús í Hörgársveit

- Hlíðarbær
- Melar
- Leikhúsið Möðruvöllum

Áhugaverðir staðir sem tengjast sögu Hörgársveitar

- Jónasarlundur
- Davíðslundur
- Hofstofa
- Skipalón
- Möðruvellir
- Hús Ólafar á Hlöðum
- Myrká
- Gásir
- Hraun
- Hjalteyri
- Kirkjur
 - Möðruvellir, Bægisá, Bakki, Glæsibær

Vinnustofur listamanna í Hörgársveit

- Verksmiðjan
 - Gústav Geir Bollason
 - Lene Zacharissen
- Freyjulundur

- Aðalheiður Eysteinsdóttir
 - Jón Laxdal
- Fræðimannaíbúð Hrauni Öxnadal